

Sþ. 397. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]
um graskögglaferksmiðju.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson,
Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri graskögglaferksmiðju í Borgarfirði í samvinnu við heimaaðila.

Greinargerð.

Sögu íslensks fóðuriðnaðar má rekja til ársins 1948 þegar Klemens á Sámsstöðum hóf framleiðslu á grasmjöli. Um tveggja áratuga skeið eða síðan 1961 hefur hraðþurrkað græn fóður verið framleitt í verksmiðjum hér á landi. Nú eru starfandi fjórar verksmiðjur í eigu ríkisins auk verksmiðjunnar í Brautarholti sem er í einkaeign. Eimingargeta í heild er orðin um það bil 20 tonn af vatni á klst. og framleiðslan 10—12 þúsund tonn árlega. Í undirbúningi er bygging graskögglaferksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og í Hólminum í Skagafirði. Fyrirhugað er að nýta innlenda orku til hraðþurrkunar í stað svartolíu eins og gert er í þeim verksmiðjum sem nú starfa. Eins og eftirfarandi framleiðslutölur bera með sér, voru stærstu skrefin í uppbyggingu fóðuriðnaðar stigin frá 1971—1978, en síðan hefur verið kyrrstaða.

Framleiðsla graskögglaferksmiðjanna hefur verið árlega sem hér segir:

1961	230 tonn Stórolfsvallarþú eina verksm.
1962	404 tonn Stórolfsvallarþú eina verksm.
1963	394 tonn Stórolfsvallarþú eina verksm.
1964	844 tonn Fóður og fræ byrjar.
1965	1012 tonn Brautarholt byrjar.
1966	1331 tonn.
1967	909 tonn.
1968	1392 tonn.
1969	1325 tonn.
1970	1371 tonn.
1971	2380 tonn Landnámið kaupir Stórolfsvallarþú.
1972	2928 tonn.
1973	3550 tonn.
1974	3626 tonn Fóðuriðjan byrjar.
1975	5427 tonn Flatey byrjar.
1976	7866 tonn.
1977	8197 tonn.
1978	11140 tonn.
1979	9671 tonn.
1980	12858 tonn.

Segja má að sala graskögglaframleiðslunnar hafi gengið greiðlega flest árin þrátt fyrir harða samkeppni við niðurgreiddar fóðurvörur frá Efnahagsbandalagslöndunum, enda láta bændur mjög vel af hinni íslensku framleiðslu. Haldgóðar rannsóknir hafa jafnframt farið fram á gæðum grasköggla. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að grasköggla eru fullkomlega samkeppnisfærir við innflutt kjarnfóður sem fódurbætir fyrir jörturdýr að vissu marki. Einnig hefur komið fram, að notagildi grasköggla til fóðrunar er meira en fóðurgildisákvæðanir á þeim benda til. Talið er að hið drjúga notagildi stafi af jákvæðum samverkandi áhrifum gras-

köggla og heyfóðurs. Rannsóknir og niðurstöður þeirra eru samhljóða rannsóknnum á sama sviði erlendis. Rétt er að geta þess, að samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands má grasmjöl nema 15—20% í fóðurböndum handa varphænum. Sama gildir um fóður varpfugla í uppeldi. Í fóðri svína, annarra en sláturgrisa, má grasmjölið nema 15—20% af heildarfóðrinu. Miðað við það magn af fóðurböndum, sem nú er notað til hænsna- og svínafóðurs hér á landi, mætti nota í þær 1500—2000 tonn af grasmjöli. Grasköggla þykja mjög góðir sem kjarnfóður handa hrossum. Óhætt mun að fullyrða að bændur telji sig hafa góða reynslu af notkun grasköggla og betri en fódurgildismælingar segja til um.

Jafnframt aukningu innlendra fódurframleiðslu hefur dýrmætum gjaldeyri verið eytt til kaupa á erlendu kjarnfóðri undanfarin ár. Innflutningur á kjarnfóðri árið 1979 var 84 918 tonn, enda hefur innflutningur kjarnfóðurs ekki verið meiri í annan tíma, en saman fór mjög erfið árferði og lágt verð á fódurbæti. Árlegur meðalinnflutningur á kjarnfóðri frá 1970 til 1979 var um 66 þús. tonn. Svo sem kunnugt er var innflutningur á liðnu ári miklu minni, líklega tæp 60 þús. tonn. Eftirfarandi tölur sýna innflutning á kjarnfóðri frá 1970.

Ár	Tonn	Ár	Tonn
1970	70 910	1975	55 367
1971	59 903	1976	67 046
1972	58 175	1977	71 194
1973	65 309	1978	73 460
1974	58 134	1979	84 918

Búnaðarþing 1976 gerði ályktun um innlenda fódurframleiðslu þar sem jafnframt er skorað á landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóduriðnaðar á Íslandi er fullnægt geti að mestu fódurbætisþörf landbúnaðarins. Nefndin var skipuð 7. maí sama ár til þess að vinna að þessu verkefni. Í nefndinni sátu sjö valinkunnir menn með staðgóða þekkingu og reynslu í málefnum íslensks landbúnaðar.

Nefndin vann allitarlegt álit en þar stendur meðal annars:

„Að vandlega athuguðu máli telur nefndin því réttmætt að gera skipulegt átak til að stórauka fóduriðnað í því skyni að draga sem frekast má verða úr innflutningi erlends fóðurs. Bersýnilega þarf að mörgu að hyggja að því er varðar skipulag, uppbyggingarhraða, fjármögnun, rekstrarform, eignaraðild, dreifingarkerfi o. fl., o. fl.“ Fram kemur í nefndarálitinu að auka beri afköst hins innlenda fóduriðnaðar í um það bil 40 þús. tonn árlega, en æskilegt væri að því marki yrði náð 1990.

Í nefndarálitinu stendur: „Eins og fram kemur víðar í þessari álitgerð, telur nefndin brýna nauðsyn að nota innlenda orku til þurrkunar í verksmiðjunum eftir því sem tæk eru á og álitur það raunar hafa meginþýðingu fyrir framgang þeirrar ráðagerðar sem hér er verið að ræða. Kemur hér einkum til greina nýting jarðhita, þ. e. að byggja verksmiðjur þar sem hans er kostur, án mikils hitaveitukostnaðar.

Segja má að framleiðslugeta þeirra verksmiðja sem fyrir eru í landinu hafi verið næstum fullnýtt á liðnu sumri. Framleiddar voru 12 548 lestir af graskögglum, 400 lestir af mjöli og 350 lestir af graskökum. Heildarframleiðslan var því 13 208 lestir af hraðþurrkuðu fóðri. Þrátt fyrir þær verksmiðjur, sem fyrirhugað er að byggja í Hólminum og í Saltvík, er langt frá því, að innlendir fóduriðnaður hafi náð þeirri hlutdeild á hérlendum fódurmarkaði sem vísustu menn telja æskilegt, og fyrir því má telja upp fjölmörg rök í rikari mæli en gert hefur verið í þessari greinargerð. Þess vegna er augljóst að bygging fleiri grasköggla-verksmiðja þarf að koma til ef einhver alvara er í því að auka innlendan fóduriðnað með sem hagkvæmastan rekstur í ljósi staðsetningar og landkosta að markmiði. Með því móti verður enn frekar treyst þjóðhagslegt gildi landbúnaðar.

Áhugi á byggingu grasköggla-verksmiðju í Borgarfjarðarháa hefur verið meðal heimamanna um langt skeið. Fyrir um það bil áratug fóru fram kannanir

á staðsetningu slíkrar verksmiðju, en ekkert varð úr framkvæmdum þá, m. a. vegna forgangsröðunar er gerð var samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þegar frumhönnun á hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes var gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens árið 1973 var stofnun og starfræksla grasköggla-verksmiðju tekin inn á áætlun um hitaveituna og þótti líklegt að slík verksmiðja gæti orðið arðbært fyrirtæki sem nýtti umframorku frá hitaveitunni. En síðan hefur lítið gerst þar til á liðnu ári. Bygging grasköggla-verksmiðju var rædd á sameiginlegum fundi allra oddvita í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar, en sá fundur var haldinn 26. mars 1980. Á þessum fundi kom fram mikill áhugi á að setja á fót grasköggla-verksmiðju í héraðinu. Kosin var þriggja manna nefnd til þess að vinna að þessu þýðingarmikla máli. Í nefndinni eru: Bjarni Guðráðsson, Nesi, Sigurður Sigurðsson, Stóra-Lambhaga, og Sveinn Bjarnason, Brennistöðum. Bjarni Arason hefur starfað með nefndinni.

Nefndin hefur unnið af krafti að þessu máli og telur mjög álitlegt að reisa verksmiðju er nýti umframorku frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til fóðuriðnaðar. Viðhorf forráðamanna hitaveitunnar til slíkrar orkusölu hafa verið könnuð og er ekki hægt að segja annað en öll viðbrögð hafi verið mjög jákvæð. Nefndin hefur rætt við landbúnaðarráðherra og landnámsstjóra, 7. nóv. 1980 hélt nefndin fund með oddvitum í héraðinu og lagði þar til að stofnað yrði félag um uppbyggingu og rekstur grasköggla-verksmiðju sem yrði skipað einstökum sveitarfélögum í héraðinu og að auki Andakilsárviðkjún, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Kaupfélagi Borgarfjarðar. Öllum þessum aðilum voru send bréf og málið kynnt og leitað eftir stuðningi. Svör hafa borist frá flestum ef ekki öllum og undirtektir mjög jákvæðar og bera vitni áhuga. Málið var einnig kynnt sveitarstjórnnum á sunnanverðu Snæfellsnesi og þar er einnig mikill áhugi á þátttöku.

Af framansögðu er augljóst að mikill og eindreginn stuðningur við þessar ráðagerðir er fyrir hendi í héraðinu, enda hlýtur slíkt að vera mjög mikilvægt. Stofnsetning grasköggla-verksmiðju kostar mikið fé, enda er útilokað að heimamenn ráði við slíka fjárfestingu án þátttöku ríkissjóðs. Ekki skal lagt mat á það hér, hve stór eignarhluti ríkissjóðs þyrfti að vera í verksmiðjunni, en vafalaust yrði þar um að ræða stærstan eignarhlut þeirra sem þar ættu hlut að máli.

Segja má að hugmyndir þær, sem stuðst er við í ráðagerðum um byggingu grasköggla-verksmiðju í Borgarfjarðarhéraði, byggist á því að nýta umframhita úr vatni hitaveitunnar á þann hátt að aðeins nokkur hluti hitans verði tekinn úr vatninu, en síðan verði því veitt á ný inn á stofnað veitunnar. Þess vegna hefur verið hugað að ræktunarlandi fyrir verksmiðjuna sem næst aðalveituæð hitaveitunnar. Vilyrði liggja fyrir um ræktunarland í Andakilshreppi sem nægði til 3000 tonna ársframleiðslu verksmiðjunnar eða 600—700 ha. lands. Umrætt land er svo að segja í slóð aðalveituæðar hitaveitunnar. Enn fremur skal þess getið, að nægjanlegt land fyrir þá verksmiðju, sem hér er rætt um, er í Reykholtsdal í grennd við Deildartunguhver.

Gert er ráð fyrir verksmiðju með eimingargetu 5000 kg vatns á klst. Talið er að hitaþörf bandþurrkara með þessari afkastagetu sé sem svarar hitafalli úr 90° C í 70° C á 83.6 l/sek. eða úr 90° C í 60° C, 55.6 l/sek. (Stefán Örn Stefánsson, verkfr.).

Lauslega áætlað mun rennsli í aðveitu 1982—1985 verða um 140 l/sek. í Aandakilshreppi. Hitastig er áætlað 94° C. Til þess að grasköggla-verksmiðjan fengi nægan varma þyrfti hitafall að vera 12° C. Eins og þessar tölur benda til er hér um að ræða næga og hagkvæma orku þann tíma sem grasköggla-verksmiðjan starfar ár hvert, þegar minnst er þörfin fyrir upphitun húsa yfir sumartímann. Þrátt fyrir það hefur verið hugað að möguleikum á starfrækslu slíkrar verksmiðju til fleiri nota. Í athugun er í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hvort verksmiðjan gæti komið að notum til fiskþurrkunar í ljósi þess að lengja starfstíma hennar ár hvert.

Í þessari greinargerð hafa verið raktir nokkrir meginþættir að því er varðar gildi fóðuriðnaðar í landinu. Jafnframt hefur verið greint frá helstu atriðum vegna

stofnunar grasköglaverksmiðju í Borgarfjarðarhéraði og á hvaða stigi undirbúningur er heima fyrir.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að næsta skref sé að kanna vilja Alþingis til þessa þjóðþrifamáls.